

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar vegna skógræktar í Fjarðabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. febrúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. janúar 2024.

Í breytingunni felst að heimiluð verður allt að 50 ha skógrækt á landbúnaðarsvæðum utan góðs ræktunarlands án breytingar á aðalskipulagi. Þá verður skógrækt á 50 ha eða stærra svæði skilgreind sem skógræktar- og landgræðslusvæði í aðalskipulagi. Önnur skógræktarsvæði undir 50 ha eru ekki færð inn á skipulagsuppdrátt falli þau að ákvæðum um skógrækt á landbúnaðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. febrúar 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2024